

Húsfélag Stórakrika 2,
b.t. Jóhanns Inga Jónssonar form.,
Stórakrika 2b íb. 206,
270 Mosfellsbæ

Mosfellsbæ 25.08.2014
201210297/19.3 fb

Til húsfélaga/eigenda Litlakrika 1 og Stórakrika 2 um hugmyndir um breytingar á hverfistorgi.

Undanfarin misseri hafa verið til skoðunar hjá starfsmönnum Mosfellsbæjar, ráðgjöfum og fulltrúum íbúa í Krikahverfi ýmsar hugmyndir um breytta tilhögun umferðar og bílastæða á hverfistorgi í Krikahverfi. Upphafið má rekja til athugasemda og ábendinga frá íbúum um vandræðaástand sem skapaðist við torgið í snjó og hálfu á vetrum. Bílastæði beggja vegna við akbraut torvelduðu snjómokstur, og akbrautin væri svo mjó að þegar klaki væri á götunni með hjólförum í væri mikil hættu á því að bílar rynnu til á henni og utan í bíla sem lagt væri í stæðin.

Eftir fundarhöld með íbúum og samráð við fulltrúa þeirra hafa orðið til 5 hugmyndir um breytt skipulag torgs og umferðar. Hugmyndirnar eru mjög mis-róttækar, allt frá því að breikka einungis akbrautirnar um 1 m og til algerrar uppstokkunar á öllu fyrirkomulagi í torgrýminu. Ekki hefur að svo stöddu verið tekin nein endanleg afstaða til þessara hugmynda, en stefnt er að því að leita á endanum áhlits íbúa hverfisins alls, t.d. með íbúakosningu um þær tillögur sem helst verða taldar koma til greina.

Þar sem þrjár af þessum fimm hugmyndum varða lóðirnar Litlakrika 1 og Stórakrika 2 sérstaklega með þeim hætti að þær myndu kalla á breytingar á lóðarmörkum þessara lóða og tilfærslu á bílastæðum sem tilheyra þeim, hefur skipulagsnefnd falið undirrituðum að kanna afstöðu húseigenda þessara húsa til hugsanlegra breytinga af því tagi, sbr. fyrirliggjandi hugmyndir.

Óskað er eftir því að húsfélag Stórakrika 2 og Búseti húsnæðissamvinnufélag sem eigandi Litlakrika 1 veiti hvort í sínu lagi skriflega umsögn um þetta málefni þar sem fram komi afstaða þeirra til hugsanlegra breytinga á lóðarmörkum og bílastæðum skv. framansögðu. Tekið skal fram að ekki er verið að leita eftir afstöðu þessara aðila til einstakra tillagna að öðru leyti, s.s. varðandi umferðaröryggi eða umhverfissjónarmið, en sem fyrr segir munu íbúar hverfisins væntanlega fá tækifæri til að taka afstöðu til slíkra þátta síðar. Óskað er eftir að umsagnirnar berist undirrituðum ekki síðar en mánudaginn 15. september n.k.

Með bréfi þessu fylgir stutt samantekt um hugmyndirnar 5 en undirritaður er reiðubúinn til að veita frekari upplýsingar/útskýringar í símatíma sem er alla virka daga kl. 10-11 og/eða að hitta forsvarsmenn húseigenda annaðhvort í viðtalstíma sem er alla virka daga kl. 11-12 eða á öðrum tíma eftir samkomulagi.


Virðingarfyllst,



Finnur Birgisson
skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
finnur@mos.is



Um hverfistorgstillögur – stutt samantekt



Fram hafa komið fimm hugmyndir:

1. Gildandi skipulag, en breikkun akbrauta um 1m, lóðarmörk óbreytt.
2. Gildandi skipulag, bílastæði meðfram kanti við torg færist inn á suðurhelming torgs, lóðarmörk óbreytt.
3. Gata langsúð gegnum miðju torgs, bílastæði beggja vegna, með einni innkeyrslu hvoru megin og akbraut næst húsum, lóðarmörk og einkastæði breytast.
4. Gata langsúð gegnum miðju torgs, hornrétt bílastæði við hana beggja vegna, lóðarmörk og einkastæði breytast.
5. Gata langsúð gegnum miðju torgs, tvær tengingar á hvora hönd inn á bílastæðavasa með 6 stæðum í hverjum vasa, lóðarmörk og einkastæði breytast.



Dæmi: Mögulegar breytingar á lóðarmörkum samkvæmt tillögu nr. 3

Um breytingar á lóðarmörkum og bílastæðum

Núverandi fyrirkomulag er þannig, að lóðirnar Litlíkriki 1 og Stórikriki 2 ná alveg að akbraut við torgið, þ.e. út yfir gangstéttina og bílastæðin við hana. Þau bílastæði eru þannig innan lóðar og eru ekki almenn stæði, heldur einkastæði íbúa í viðkomandi húsi.

Tillögu 1 og 2 kalla ekki á breytingar á þessu fyrirkomulagi, en það gera hinsvegar tillögu 3-5. Í þeim er bílastæðunum í öllum tilvikum komið fyrir með öðrum hætti þannig að þessi einkastæði yrðu ekki lengur við gangstéttarbrúnina heldur lengra frá húsunum. Eftir sem

áður myndi þurfa að skilgreina 6 bílastæði hvoru megin torgs sem einkastæði og breyta þá lóðarmörkum þannig að lóðirnar næðu yfir þau stæði; þau væru innan lóðar. Þar á mótí gætu lóðirnar minnkað annars staðar sem nemur breidd gangstéttar og núverandi bílastæða.

Meðfylgjandi mynd (á fyrri bls.) er ætlað að útskýra þetta nánar, en á henni er búið að teikna hugsanleg ný lóðarmörk inn inn á tillögu nr. 3 með gulri heilli línu, en núverandi lóðarmörk fyrir breytingu eru sýnd með rauðri slitinni línu.

Samanburður á flatarmáli malbiks í tillögunum

Ath: Malbik skv. gildandi skipulagi er 748 m² en eykst um 90 m² við breikkun akbrauta um 1 m.

Malbik í m²:	Tillaga númer				
	1	2	3	4	5
Skipting					
Gata	542	453	334	335	338
Einkastæði	155	157	162	198	148
Akbraut f. einkastæði	0	0	178	0	145
Almenn stæði	141	169	162	198	148
Akbraut f. almenn stæði	0	122	332	0	145
Malbik samtals:	838	900	1.170	731	924

Samantekt: Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi